

STARFSREGLUR OG STJÓRNARHÆTTIR

Eyris Invest hf.

1. Skipan stjórnar

1.1 Stjórn félagsins er skipuð fimm einstaklingum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn.

2. Skipting starfa innan stjórnar

- 2.1 Nýkjörin stjórn félagsins skal strax að loknum hluthafafundi koma saman undir forsæti aldursforseta og kjósa úr sínum hóp formann og varaformann. Falli atkvæði jafnt skal hlutkesti ráða. Formaður tekur við stjórn fundarins þegar kosningu er lokið.
- 2.2 Stjórn félagsins metur þörf fyrir stofnun undirnefnda.

3. Hlutverk og skyldur stjórnar

- 3.1 Stjórnin fer með æðsta vald innan félagsins milli hluthafafunda.
- 3.2 Meirihluta stjórnar þarf til að skuldbinda félagið. Eingöngu stjórnin getur veitt prókúruumboð.
- 3.3 Stjórnin hefur með höndum ráðningu og uppsögn framkvæmdastjóra og ákveður kaup og kjör framkvæmdastjóra.
- 3.4 Stjórnin ber endanlega ábyrgð á starfsemi og rekstri félagsins. Stjórnin gætir þess að skipulag og starfsemi félagsins sé ávallt í góðu horfi og að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og fjármunum félagsins.
- 3.5 Stjórnin setur félaginu markmið í samræmi við samþykktir þess og annast þá stefnumótun sem nauðsynleg er til að ná markmiðum félagsins.
- 3.6 Stjórnarmenn skulu tileinka sér nauðsynlega þekkingu á starfsemi félagsins til að geta tekið upplýstar ákvarðanir.
- 3.7 Stjórnarmenn skulu gæta hagsmuna allra hluthafa og í samræmi við eigin sannfæringu en ekki gæta sérstaklega hagsmuna þeirra aðila sem studdu þá til stjórnarsetu.
- 3.8 Stjórnarmenn skulu hafa skilning á hlutverki stjórnar, hlutverki sínu og ábyrgð, ásamt því að hafa þekkingu á þeim lögum og reglum sem gilda um fyrirtækjarekstur og starfsemi félagsins.
- 3.9 Stjórnarmenn skulu hafa skilning á markmiðum og verkefnum félagsins svo og skilning á því hvernig þeir eiga að haga störfum sínum í stjórninni og stuðla að því að þessi markmið náist.
- 3.10 Stjórnarmenn skulu stuðla að góðum starfsanda innan stjórnarinnar.

- 3.11 Stjórnarmenn skulu koma í veg fyrir að málefni þeirra, hvort heldur persónuleg eða viðskiptatengd, leiði til beinna eða óbeinna hagsmunaárekstra milli þeirra og félagsins.
- 3.12 Stjórnin skal árlega meta störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti svo og frammistöðu framkvæmdastjóra og þróun félagsins.
- 3.13 Stjórn félagsins skal hafa gildi félagsins að leiðarljósi í öllum gerðum sínum. Gildi félagsins eru; heiðarleiki, langtímahugsun, þrautseigja og áræðni.

4. Hlutverk og skyldur stjórnarformanns

- 4.1 Stjórnarformaður er ábyrgur fyrir því að stjórnin uppfylli skyldur sínar með skilvirkum hætti.
- 4.2 Stjórnarformaður ákveður, í lok hvers stjórnarfundar, næsta fund stjórnar í samráði við stjórn og framkvæmdastjóra og sér til þess að stjórnarfundir séu boðaðir. Leitast er við að hafa fundaáætlun til komandi sex mánaða eftir því sem aðstæður gefa tilefni til.
- 4.3 Stjórnarformaður kemur fram fyrir hönd stjórnarinnar í öllum málefnum félagsins nema annað sé ákveðið af stjórninni. Stjórnarformaður ásamt framkvæmdastjórum er einnig ábyrgur fyrir ytri samskiptum félagsins í samræmi við venju og aðstæður hverju sinni.
- 4.4. Stjórnarformaður tryggir að nýir stjórnarmenn fái nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn um málefni félagsins m.a. stefnu þess, markmið, áhættuviðmið og rekstur.
- 4.5 Stjórnarformaður ber ábyrgð á samskiptum stjórnarinnar við hluthafa félagsins og upplýsir stjórnina um sjónarmið hluthafa.
- 4.6 Stjórnarformaður skal hafa frumkvæði við gerð og endurskoðun starfsreglna stjórnar.

5. Hlutverk og skyldur framkvæmdastjóra

- 5.1 Stjórnin ræður framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur félagsins. Stjórnin skal gera skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra. Slíkur samningur skal m.a. kveða á um laun og önnur starfskjör. Stjórnin getur falið stjórnarformanni að annast samningsgerðina.
- 5.2 Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegri starfsemi og skal fylgja stefnu og fyrirmælum stjórnar í þeim efnunum. Í daglegri starfsemi felast ekki aðgerðir sem eru óvanalegar eða sérstakar. Framkvæmdastjóri má einungis grípa til slíkra aðgerða ef stjórnin hefur sérstaklega heimilað slíkt, nema að ógerlegt sé að bíða eftir ákvörðun stjórnar án þess að það valdi starfsemi félagsins verulegu tjóni. Í slíku tilviki skal framkvæmdastjóri kynna stjórninni um aðgerðirnar án tafa.
- 5.3 Framkvæmdastjóri skal tryggja að stjórnarmenn fái reglulega nákvæmar upplýsingar um fjármál, uppbyggingu og rekstur félagsins svo þeir geti sinnt störfum sínum.
- 5.4 Framkvæmdastjóri skal tryggja að reikningar félagsins séu gerðir í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggum hætti. Framkvæmdastjóri skal veita endurskoðendum félagsins allar þær upplýsingar sem þeir kunna að óska eftir.
- 5.5 Framkvæmdastjóri skal kynna stjórn alla viðskiptalega þátttöku sína í starfsemi sem er ekki tengd rekstri félagsins.

- 5.6 Framkvæmdastjóra ber að leita eftir heimild stjórnar til lántöku og veðsetningar.
- 5.7 Allar helstu fjárfestingar skulu kynntar stjórn. Við kaup og sölu á eignum sem eru umfram EUR 10.000.000 ber að leita heimildar stjórnar. Þó skal taka tillit til þess hvort sala eða kaup séu, að mati stjórnenda, líkleg til að hafa áhrif á verðmyndun verðbréfa sem skráð eru á skipulögðum markaði.

6. Stjórnarfundir

- 6.1 Stjórnarformaður boðar til stjórnarfunda í samráði við framkvæmdastjóra og skal tryggja að allir stjórnarmeðlimir fái tilkynningu þar að lútandi.
- 6.2 Stjórnarfundir skulu haldnir:
 - i. Svo fljótt sem auðið er að loknum aðalfundi
 - ii. Fyrir birtingu ársreiknings og árshlutareiknings
 - iii. Á öðrum tímum þegar talið er nauðsynlegt til þess að stjórnin geti annast hlutverk sitt með skilvirkum hætti
- 6.3 Stjórnarformaður skal boða til stjórnarfundar ef stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða endurskoðandi félagsins óskar þess.
- 6.4 Stjórnarfundir skal að jafnaði boða með góðum fyrirvara. Þó er stjórnarformanni heimilt að kalla saman stjórnarfund með skemmri fyrirvara sé það óhjákvæmilegt að mati stjórnarformanns vegna sérstakra aðstæðna.
- 6.5 Boð um stjórnarfundir skulu almennt vera skrifleg t.d. með tölvupósti og innihalda dagskrá boðaðs stjórnarfundar. Fundargögn sem tengjast ákveðnum dagskrárliðum skulu vera aðgengileg fundarmönnum ekki síðar en tveimur vinnudögum fyrir stjórnarfund nema stjórnarformaður ákveði annað. Í sérstökum tilvikum getur stjórnarformaður ákveðið að dreifa fundargögnum á fundinum sjálfum og óskað eftir því við stjórnarmenn að þeir skili gögnunum í lok fundarins.
- 6.6 Stjórnarfundir eru almennt haldnir í húsakynnum félagsins. Í sérstökum tilvikum geta stjórnarfundir verið haldnir annars staðar ef stjórnarformaður ákveður að efni fundarins eða aðrar kringumstæður gefi tilefni til þess.
- 6.7 Stjórnarfundir geta verið haldnir með rafrænum hætti sé það í samræmi við framkvæmd verkefna stjórnarinnar að mati formannsins. Þó geta stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri farið fram á að stjórnarfundir séu haldnir með hefðbundnum hætti.
- 6.8 Framkvæmdastjóri situr alla stjórnarfundir, þó ekki fund skv. grein 2.1, og hefur málfrelsi og tillögurétt nema að stjórnin ákveði annað í einstökum málefnum.

7. Ákvarðanir stjórnar

- 7.1 Viðvera meirihluta stjórnarmeðlima myndar tilskilinn meirihluta. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka nema að allir stjórnarmenn, ef mögulegt er, hafi haft möguleika á að ræða málefnið.
- 7.2 Öll mál sem koma til afgreiðslu stjórnar skulu ákveðin með einföldum meirihluta. Falli atkvæði jöfn skal atkvæði stjórnarformanns ráða úrslitum.

8. Vanhæfni

- 8.1 Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu ekki taka þátt í meðferð mála er varða viðskipti þeirra sjálfra, fyrirtækja sem þeir eiga beinan eða óbeinan virkan eignarhlut í, sitja í stjórn hjá eða eru fyrirvarsmenn fyrir eða þar sem þeir eiga verulega hagsmuna að gæta. Sama gildir um viðskipti aðila sem eru tengdir stjórnarmönnum persónulega eða fjárhagslega. Stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra ber að tilkynna um slík tilvik. Eignarhlutir í Eyri Invest hf. eru undanskildir í þessu tilviki.
- 8.2 Alla samninga milli stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra og félagsins, auk allra samninga milli félagsins og þriðja aðila sbr. grein 8.1, skal bera undir stjórn til samþykktar eða synjunar.

9. Fundargerðir stjórnarfunda

- 9.1 Stjórnarformanni ber að tryggja að fundargerðir séu haldnar um alla stjórnarfundi og þar komi fram allar ákvarðanir stjórnar.
- 9.2 Eftirfarandi skal koma fram í fundargerðum stjórnar:
 - i. Fundartími og fundarstaður stjórnarfundarins
 - ii. Nafn félagsins
 - iii. Hverjir eru viðstaddir á fundinum og hver veitir fundinum forsæti
 - iv. Dagskrá fundarins
 - v. Stutt yfirlit yfir umræðu stjórnarfundarins og hvaða ákvarðanir hafa verið teknar
 - vi. Fundartíma næsta stjórnarfundar
 - vii. Nafn fundarritara
- 9.3 Sé stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri ósammála ákvörðun stjórnar á viðkomandi rétt á að það sé bókað í fundargerð.
- 9.4 Fundargerð skal send stjórnarmönnum svo fljótt sem auðið er að loknum fundi.
- 9.5 Fundargerðir skulu undirritaðar af þeim sem þátt taka í fundinum. Stjórnarmenn sem ekki voru viðstaddir stjórnarfund skulu staðfesta með undirritun sinni að þeir hafi kynnt sér innihald fundargerðarinnar.
- 9.5 Fundargerðir stjórnarfunda skulu vera taldar fullgild sönnun þess sem fram fór á stjórnarfundum.
- 9.6 Fundargerðir og fundargögn, önnur en þau sem afhent eru skv. grein 6.5, skulu vera aðgengileg stjórnarmönnum á vefnum.

10. Skýrslugjöf og aðrar upplýsingar frá framkvæmdastjóra

- 10.1 Fyrir stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri gefa stutta skýrslu um helstu atriði í rekstri félagsins.
- 10.2 Framkvæmdastjóri skal tryggja að stjórnin fái reglulega nákvæmar upplýsingar um fjármál og rekstur félagsins til að gera stjórninni kleift að rækta skyldur sínar.
- 10.3 Stjórnin getur óskað eftir því við framkvæmdastjóra að hann útvegi frekari gögn og upplýsingar varðandi ákveðin verkefni stjórnar. Framsetning upplýsinganna skal vera í samræmi við ákvörðun stjórnar á hverjum tíma.

11. Undirritun á ársreikning og árshlutareikning

- 11.1 Ársreikningur og hálfársreikningur félagsins skulu lagðir fyrir stjórn til undirritunar stjórnar og framkvæmdastjóra.

12. Innra eftirlit og áhættustjórnun

- 12.1 Stjórn félagsins ber ábyrgð á að koma virku kerfi innra eftirlits eftir því sem umfang starfseminnar gefur tilefni til.
- 12.2 Framkvæmdastjóri er ábyrgur fyrir því að skilgreina helstu áhættur sem tengjast því að ná fram helstu stefnumiðum og markmiðum félagsins í samræmi við ákvörðun stjórnar þar að lútandi.
- 12.3 Ennfremur ber framkvæmdastjóri ábyrgð á að skilgreina helstu áhættur sem tengjast því að félagið veiti áreiðanlegar og réttar fjárhagsupplýsingar í samræmi við þau lög og reglur sem fyrirtækið lýtur.
- 12.4 Framkvæmdastjóri er ábyrgur fyrir því að vakta skilgreindar áhættur í rekstri félagsins, m.a. veðþekju, lausafjárstöðu og eiginfjárlutfall.
- 12.5 Framkvæmdastjóri skal með reglubundnum hætti og í það minnsta árlega, gefa stjórninni skýrslu um hvernig félaginu hefur tekist til við að draga úr, dreifa og takast á við slíka áhættu
- 12.7 Kalla má til endurskoðanda félagsins á stjórnarfundum þegar málefni tengd innra eftirliti og áhættustjórnun félagsins eru á dagskrá, eftir því sem stjórnin telur nauðsynlegt.
- 12.8 Stjórn félagsins í heild sinni myndar Endurskoðunarnefnd.

13. Hluthafafundir

- 13.1 Formaður stjórnar auk framkvæmdastjóra skulu vera viðstaddir alla hluthafafundi. Stjórnarmenn skulu leitast við að vera viðstaddir alla hluthafafundi.
- 13.2 Allir hluthafafundir skulu boðaðir með nægilega löngum fyrirvara til að hluthöfum gefist tími til að undirbúa sig fyrir fundinn.
- 13.3 Allar tilkynningar um hluthafafundi, þar með talin dagskrá fundarins, skulu upplýsa hluthafa á fullnægjandi hátt um þau atriði sem til umræðu eru á hluthafafundinum. Tilnefning fundarstjóra fundarins skal einnig tilgreind í fundarboði.
- 13.4 Öll samskipti við hluthafa félagsins skulu vera skýr, heiðarleg og samræmd. Stjórnin skal vera upplýst um tillögur og spurningar hluthafa og stjórnin skal hafa yfirumsjón með viðbrögðum félagsins við þeim.
- 13.5 Stjórnin skal tryggja að hagsmunir allra hluthafa séu ávallt verndaðir og að hluthafar fái samræmda meðferð.
- 13.5 Fundarritari og fundarstjóri skulu staðfesta fundargerð hluthafafundar fái þeir til þess umboð fundarins.

14. Frambjóðendur til stjórnar og nýir stjórnarmenn

- 14.1 Nýjum stjórnarmönnum skal kynnt málefni félagsins, þar með talið stefna, markmið, áhætta og starfsemi auk vinnu og verklag stjórnar.
- 14.2 Að minnsta kosti tveir stjórnarmenn skulu vera óháðir hluthöfum sem eiga 10% eða meira af heildarhlutafé félagsins og komi ekki úr stjórnendahópi félagsins.
- 14.3 Stjórnin skal meta hvort að stjórnarmenn séu óháðir í samræmi við grein 14.2 og Leiðbeiningar um Stjórnarhætti fyrirtækja.

15. Trúnaður

- 15.1 Stjórnarmenn eru bundnir trúnaði varðandi málefni félagsins, viðskiptavini félagsins og önnur málefni sem þeir fá vitneskju um við störf sín sem stjórnarmenn.
- 15.2 Stjórnarmenn skulu ekki láta uppi trúnaðarupplýsingar nema þeim sé það skylt að lögum eða reglum kauphalla eða samkvæmt úrskurði til þess bærra yfirvalda.
- 15.3 Stjórnarmenn skulu varðveita öll skjöl s.s. fundargerðir, fundargögn og aðrar upplýsingar sem þeir móttaka í tengslum við skyldur sínar sem stjórnarmenn með tryggum og öruggum hætti.
- 15.4 Stjórnarmenn, aðrir en stjórnarformaður, skulu að öllu jöfnu ekki úttala sig um skoðanir sínar við fjölmiðla eða á opinberum vettvangi um málefni félagsins, nema að fengnu samþykki stjórnarformanns.
- 15.5 Trúnaðarskylda stjórnarmanna helst jafnvel þó stjórnarmaður láti af störfum eða segi af sér sem stjórnarmaður.

16. Ýmislegt

- 16.1 Reglur þessar taka gildi við samþykkt þeirra í stjórn félagsins.
- 16.2 Reglur þessar skulu endurskoðaðar árlega, að undangenginni yfirferð yfir framkvæmd þessara starfsreglna og samskipti starfsmanna fyrirtækis og stjórnar.
- 16.3 Aðeins stjórn félagsins getur breytt reglum þessum. Meirihluta stjórnar þarf til að breyta reglunum.
- 16.4 Frumrit reglna þessara með síðari breytingum skal varðveitt með fundargerðum stjórnar.
- 16.5 Við setningu þessara reglna skulu allir stjórnarmenn undirrita frumrit þeirra. Samþykki stjórnin breytingar á reglunum skulu allir stjórnarmenn árita reglurnar með breytingum í heild sinni. Reglur þessar skulu afhentar nýjum stjórnarmönnum sem ber að árita frumrit reglanna til staðfestingar á móttöku þeirra.
- 16.5 Reglur þessar eru teknar upp í samræmi við 5. mgr. 70. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 og reglur Nasdaq OMX Ísland hf. fyrir útgefendur fjármálagerninga. Reglurnar taka einnig mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins.

Reykjavík, 31. maí, 2024

Í stjórn félagsins

Friðrik Jóhannsson

Elín Sigfúsdóttir

Ólafur Steinn Guðmundsson

Skúli Hrafn Harðarson

Stefán Árni Auðólfsson